

Fáliðunaráætlun leikskólans Vinagarðs

Fáliðunaráætlun er viðbragðsáætlun leikskólans þegar veikindi starfsfólks, veikindi fjölskyldumeðlima eða lausar stöður sem ekki næst að ráða í gera það að verkum að ekki er nægt starfsfólk til þess að halda úti fullri starfsemi fyrir öll börn. Með fáliðunaráætlun er öryggi og velferð barna tryggð sem og starfsumhverfi starfsfólks, m.t.t. þess að fyrirbyggja ofálag.

Stjórnendur leikskólans geta í þessum tilvikum gripið til þess að skerða dvalartíma hluta úr degi eða allan daginn þar sem ákveðinn fjöldi barna er sendur heim úr leikskólanum. Áður en þetta er gert er þegar búið að skoða eftirfarandi möguleika:

- Færa starfsfólk milli deilda
- Stjórnendur komi inn í forföll
- Kennarar fresti undirbúningstíma
- Starfsfólk í hlutastarfi eða tímavinnu beðið að bæta við sig/koma inn aukalega
- Starfsfólk sem á styttingu vinnuvikunnar beðið að fresta henni

Stjórnendur ákveða hvenær grípa þarf til skerðingar á dvalartíma og reynt er að tilkynna foreldrum um hana eins fljótt og kostur er. Framkvæmd skerðingarinnar er samkvæmt sérstöku kerfi sem hver deildarstjóri setur upp fyrir sína deild. Horft er til eftirfarandi þátta:

- Börn starfsfólks séu ekki send heim til að koma í veg fyrir frekari skerðingu á dvalartíma
- Systkini séu heima á sama tíma séu þau saman á deild eða skerða þarf á fleiri deildum samtímis
- Skerðing á dvalartíma er skv. plani sem rúllar á milli þannig að hún skiptist jafnt á milli allra barna.

Foreldrum eru send skilaboð í gegnum Völu eða hringt ef senda þarf barn heim með stuttum fyrirvara. Hringt er í foreldra sem ekki sækja barn sitt á tilteknum tíma. Foreldrar geta óskað eftir því að sjá í hvaða hópi barn þeirra er hjá viðkomandi deildarstjóra. Leikskólagjöld eru ekki endurgreidd nema um ítrekaðar eða langvarandi skerðingar á dvalartíma sé að ræða.